

Nú hefir leyfi verið fengið, og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

28  
19. júní

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 20 til 500 kr., er renna í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 45 3. nóv. 1915, um ullarmat.

29  
19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir orðin „Öll vorull og þvegin haustull“ í upphafi 1. gr. laganna komi: Öll ull.

Orðin „og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána“ í niðurlagi þriðja másl. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svolátandi, og breytist greinatala laganna eftir því:

Ráðherra getur lagt bann við því, að verzlanir kaupi ómetna ull eða taki hana í umboðssölu. Ennfremur má leggja bann við því, að verzlanir kaupi óþvegna vorull, nema ullin sé metin og hlutaðeigandi verzlanir starfræki ullarþvottahús, sem sé svo fullkomið, að dómi ullarmatsmanns, að meðferð og mat ullarinnar geti verið í góðu lagi.

29

19. júní

3. gr.

Upphaf 2. gr. laganna orðist þannig:  
Sameiginlegt merki á allri ull, sem flutt er út frá Íslandi, skal vera stimpill með nafni landsins.

4. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Einn af yfirullarmatsmönnum, sá er ráðherra skipar til þess, skal jafnframt vera ráðunautur stjórnarinnar í öllu því, sem að ullarmati lýtur, og nefnist hann ullarmatsformaður. Skal hann og veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar, og er yfirullarmatsmönnum og ullarmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrir- mælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið.  
Ráðuneytið tiltekur nánar starfsvið hans, eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist þannig:  
Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 800 kr., en árslaun yfirullarmats- manna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr rikissjóði.

6. gr.

Orðin „allt að 200 kr. hver þeirra“ í niðurlagi 8. gr. laganna falla burt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í megin- mál laga nr. 45 1915 og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Dorsteinn Briem.*